

Mál nr. 286/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um hvort líkamstjón hafi hlotist af völdum umferðaróhapps.****Gögn.**

Málskot móttakið 19.7.2021, ásamt fylgiskjölum nr. 1-12.

Bréf V dags. 5.8.2021, ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.

Málsatvik.

Þann 2.6.2019 lenti M í umferðaróhappi, en hún var ökumaður bifreiðar sem var kyrrstæð á rauðu ljósi við gatnamót Breiðholtsbrautar og Selásbrautar. Samkvæmt gögnum málsins var bifreiðinni A ekið aftan á bifreið sem var staðset fyrir aftan bifreið M. Kastaðist sú bifreið aftan á bifreið M við áreksturinn. Leitaði M til heimilislæknis þann 4.7.2019 og lýsti vaxandi verkjum í höfði og hálsi, í bringu, herðablöðum og brjóstbaki. Þá lýsti hún miklum spennuhöfuðverk þegar liði á daginn. Var M vísað í sjúkrabjálfun í kjölfarið. Leitaði tvívegis aftur til heimilislæknis, í fyrra skiptið þann 22.7.2019 og svo þann 10.9.2019. Var henni ráðlögð áframhaldandi sjúkrabjálfun og ávísað verkjalyfjum vegna einkenna sinna.

M hefur krafist bóta, úr lögboðinni ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V, fyrir það líkamstjón sem hún kveðst hafa orðið fyrir vegna slyssins. V hefur hafnað bótaskyldu úr vátryggingunni með vísan til þess að félagið telur ósannað að orsakasamhengi sé á milli árekstursins og líkamlegra einkenna M. Vísar V meðal annars til PC Crash útreiknings, sem félagið aflaði einhliða, en útreikningurinn sýnir þyngdarhröðun bifreiðanna vegna árekstursins. Niðurstaða útreikningsins var að líklegasta gildi þyngdarhröðunar A væri 1,71 g.

Álit.

Líkamstjón af völdum skráningarskyldra ökutækja bætast samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Auk sjúkrakostnaðar og annars fjártjóns eru bótabættir samkvæmt lögum tímabundið atvinnutjón (2. gr.), þjáningar (3. gr.), varanlegur miski (4. gr.) og varanleg örorka (5-9. gr.).

Fyrirgreindur PC Crash útreikningur sem var aflað af hálfu V er einhliða og hefur af þeim sökum takmarkað sönnunargildi við mat á því hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum árekstursins. Útreikningarnir verða því ekki lagðir til grundvallar við mat á því hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni.

Af fyrirliggjandi gögnum má ráða að M kunni að hafa orðið fyrir einhverjum meiðslum við áreksturinn þann 2.6.2019, gætu veitt henni rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A að því marki sem sýnt er fram á að skilyrði bótaábyrgðar einhverra þeirra bótabátta séu uppfyllt. Þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu veita hins vegar mjög takmarkaðar upplýsingar um það líkamstjón sem M býr við og varpa ekki fyllilega ljósi á hvort þau megi rekja til slyssins.

Þannig liggur ekki fyrir nein álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra manna um líkamstjón hennar af völdum þessa tiltekna slyss. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem að ofan er lýst. Að teknu tilliti til þess verður að telja að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna árekstursins þann 2.6.2019.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 8. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.